

Ed.

610. Frumvarp til laga

[7. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4 og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsildar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsild.
- b. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:
 - 1) 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til véla-kaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmót-tökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.

- 2) 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.
- 3) 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.

Aður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna skv. nánari ákvörðun sjávarútvegs- og samgönguráðherra.